



Glæsileg 90 ára afmælishátíð Félags pípulagningameistara

Það var mikið um dýrðir á Hótel Sögu laugardaginn 10. mars s.l. Félag pípulagningameistara boðaði til glæsilegrar afmælisveislu í tilefni 90 ára afmælis félagsins. Þrúðbúið fólk streymdi að úr öllum áttum. Þessi sérstaka afmælisútgáfa Fréttarþíps er stærri og veglegri en áður hefur verið, eða alls 16 síður. Við byrjum umfjöllun frá afmælishátíðinni á forsíðu blaðsins með ræðu Guðmundar Páls Ólafssonar, formanns Félags pípulagningameista. Neðar á forsíðu er svo ávarp Þórsdísar Kolbrúnar Reykafjörð Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Umfjöllun um 90 ára afmælið heldur svo áfram á næstu 6 síðum í máli og myndum.

Áfram, áfram, með hugprútt hjarta.
Hugsaðu um framtíð hjarta.
Þú arkar aldrei einn.

Þó þetta hljómi eins og einkunarorð félagsins þá var þetta nú bara sungið á engilsaxnesku fyrr í dag.

Kæru félagsmenn, makar og aðrir góðir gestir.

Félag pípulagningameistara var stofnað 19 maí 1928 í samkomuhúsinu Bárúnni af tíu mönnum. Í dag, 90 árum seinna, erum við 137 félagsmenn af 382 skráðum pípulagningameisturum á landinu öllu.

Mér finnst þetta nokkuð góð hlutdeild því ekki eru allir þessir meistarar starfandi en mikill vill meira.

Því með fjölmennari hópi náum við betri samstöðu. Ég vil fullyrða það hér að með þessum ört stækkandi hóp hafa kjör okkar batnað. Með

Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara í ræðustól, bað afmælisgesti að rísa úr sætum og skála fyrir félaginu.



þennan hóp erum við sýnilegri og með sýnileika vekjum við áhuga á faginu og virðingu. Það er þessi virðing sem við sækjumst eftir, það kemur svo margt með henni. Það vilja fleiri læra pípulagnir ef vel er talað um fagið og þá sem í því starfa.

Við verðum að fá fólk til að hætta að tala á neikvæðum nótum um

– Sjá frambald greinar á bls. 3.

Þórsdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra flutti afmælisávarp

Kæru pípulagningameistarar – hjartanlega til hamingju með 90 ára afmæli félagsins ykkar.

Mér er það sannur heiður að fá að ávarpa ykkur.

Það var sem sagt þann 19. maí árið 1928 að 10 framfarasinnaðir pípulagningameistarar hittust í Bárúnni og stofnuðu með sér félag til að efla samvinnu meðal pípulagningamanna í Reykjavík, stuðla að menningu þeirra og menntun og gæta hagsmuna félagsmanna.

Síðan hefur mikið vatn runnið í gegnum pípur til sjávar; Ísland hefur hlotið sjálfstæði, lífsskjör alls almennings eru orðin allt önnur og betri, fjórða iðnbyltingin er hafin, framfarir í tækni og vísindum eru svo órar og miklar að tækni dagsins í dag er nánast orðin úrelt á morgun og nú eru ekki nema rétt tæpir 100 dagar í það að Ísland spili fyrsta leikinn á Heimsmeistaramótinu í fótbolta gegn Messi og félögum.

En það er eitt sem hefur stadið óhagganlegt allt frá dögum Rómarveldis - og lifað af allar

– Sjá frambald greinar á bls. 2.

Þórsdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í ræðustól.



PÍPUM SAMAN!

GEBERIT
mapress

QUINN radiators

damixa

SABIANA

GROHE

DALLMER

REHAU

fischer

MEA

DAB

Danfoss

BYKO

lagnadeild@byko.is

Afmælisávarp Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

– Frambald greinar af forstöðu

tækniframfarir, byltingar og heimsstyrjaldir sögunnar.

Við lagningu röra skal VATNSHALLINN vera 20 prómil – þ.e. rörið skal lækka um 2 centimetra á hvern metra. Sem ráðherra iðnaðarmála og komandi ofan af Skaga þá kann maður jú sitthvað fyrir sér.

Talandi um hið forna Rómaveldi sem á gullöld sinni náði að mestu yfir hinn þekktu heim – þá liggur framlag þeirra til heimssögunnar ekki síst í stórkostlegum vatnsveitum sem eru ekkert minna en verkfræði- og pípulagningaleg afrek. Það voru vatnsveiturar sem gerði Rómverjunum kleift að veita hreinu vatni inn í borgirnar frá fjarlægum vatnsbólum og þannig stórbættu þeir lífskjör og heilbrigði – að vísu bara rómversku yfirstéttarinnar.

Rómverjarnir þurftu að glíma við nákvæmlega sömu áskoranirnar og þið pípulagningameistar dagsins í dag þurfið að leysa á hverjum degi. Það þarf bæði framrás og bakrás. Það er ekki nóg að dæla vatni inn – það verður líka að koma því burt. Og því reistu þeir Cloaca Maxima fráveitukerfið og það er ekki síðra verkfræðilegt undur en sjálfar vatnsveiturar. Yfir öllu þessu vakti svo gyðjan Cloacina sem var gyðja hreinlætis og holræsa.

Það er mál sagnfræðinga og pípulagningameistara að fullkomnari lausn á fráveitumálum hafi ekki komið fram fyrir en í byrjun 20. aldar þegar þessi mál voru tekin í gegn í London.

Það getur verið gaman að því að glugga í söguna og kynna sér viðhorf manna á ólíkum tímum. Ég rakst á mjög gamalla frásögn um daginn þar sem segir í texta að söguleg tíðindi hafi átt sér stað um það leyti þegar frásögnin er rituð. Þá hafi það sem sagt gerst í fyrsta sinn að kona hafi fengið inngöngu í umræddan félagsskap. Ég sá nú strax að heimildin var ekki ýkja gömul þar sem að frásögnin af þessum sögulegu tíðindum var prentuð á gæðapappír og með fylgdu ljósmyndir í fullum lit. Það væru því nokkrar líkur á því að umrædd kona væri enn á lífi en þá væntanlega í hári elli. Ég kíkta á dagsetninguna á heimildinni og eiginlega krossbrá, þar stóð – ÁGÚST 2016 – og þetta var ekki ómerkari miðill en FRÉTTAÞÍP Félags pípulagningameistara.

Góðir hlutir gerast stundum hægt, í þessu tilviki 88 ár! - en þeir gerast samt og það er það sem skiptir mestu máli. Það er gott að vita af Svanbjörgu Vilbergsdóttur hér í hópi ykkar meistaranna. Mér skilst reyndar að hún sé formaður skemmtinefndar 90 ára afmælisins.

Það er ekkert píp þegar sagt er að það skipti miklu máli að alls staðar í samfélaginu heyrst sjónarmið karla og kvenna. Við höfum ekki efni á því að útiloka hugmyndir og vinnandi hendur helming mannkyns – og gildir þá einu hvort að við séum að tala um dæmigerðan vinnustað karla eða kvennavinnustað.

Ég held að félagið hafi grætt mikið á því að fá Svanbjörgu í félagið – ég legg til að við gefum henni verðskuldað lófaklapp!

Það vill stundum gleymast þegar rætt er um störf ykkar pípulagningameistara hve mikla ábyrgð þið berið. Ekki bara það að auðvitað þarf frágangur að vera þannig að rörin leki ekki – og að heitt vatn komi úr krananum þegar skrúfað er frá heita vatninu. Þetta segir sig nú eiginlega sjálf. Ég er að tala um drykkjarvatnið og þá ábyrgð sem fylgir því að leiða það langan veg frá uppsprettu og alla leið í eldhússkranann.

Þið eruð í reynd að vinna með þá matvöru sem er mikilvægust af þeim öllum og það líður ekki sá dagur að við neytum hennar ekki. Það er eins gott að þeir sem starfi við þá iðju kunni sitt fag og vandi sérstaklega vel til verka. Ein tilgátan á falli Rómaveldis er sú að sökum þess að pípulagningar voru allar úr blýi þá hafi yfirstéttin eins og hún lagði sig verið komin með blýeitrun. Þessa söguskýringu sel ég ykkur þó ekki dýrari en ég keypti hana.

Maður verður kannski að vara sig á því að orða upphátt þessi mál – því þið getið bara rétt ímyndað ykkur reglugerðafarganið sem að myndi hellast yfir ykkur ef yfirvöld heilbrigðismála myndu fatta almennilega stærðargráðuna á þessu máli.

Í þessu ljósi er hins vegar gaman að vitna til sögu ykkar pípulagningameistara á Íslandi og áherslu ykkar á hreinlætis- og þar með heilbrigðismál. Þegar félagið var rétt komið á legg þá lagði það mikla áherslu á það við stjórnvöld og gerði um það sérstaka tillögu að gefin yrði út opinber

reglugerð varðandi hreinlætislagningu í húsum. Og fyrir þessu – sem okkur finnst núna svo sjálfsagt og eðlilegt – þurfti félagið að berjast í áratugi. Mér er sagt að það sé stundum erfitt að eiga við ráðherra og stjórnvöld.

Þetta færir okkur að umræðunni um mikilvægi góðrar menntunar pípulagningamanna – og líka því að tryggja að námið sjálft sé eftirsóknarvert fyrir unga menn og konur. Efnahagslífið er vitanlega í mikilli uppsveiflu og ég efa að það séu til eftirsóttari einstaklingar á Íslandi en einmitt pípulagningarmenn – það eru allir að tala um ykkur. Það er að minnsta kosti töluvert meiri eftirspurn eftir ykkur en okkur stjórnálmönnum og lögfræðingum. Ég er hvort tveggja! Þetta ætti því að vera góður tími til að fjölga nemum – ekki bara í pípulögnum heldur í iðngreinum almennt. Það er hætt við að margboduð uppbygging innviða sem við erum alltaf að ræða verði að litlu ef það eru engir til að vinna verkin.

Ég hef heyrð það frá mörgum að sjálft námið í skólunum sé um flest afbragðsgott. En ég hef heyrð það frá enn fleirum að mikilvægasti lærdómurinn fyrir þá sem eru að læra til pípulagna eigi sér stað í starfsnáminu hjá pípulagningameisturunum – þar fái þeir mesta og besta reynslu. Já, ég er að tala um ykkur. Og fyrir þetta vil ég sérstaklega hrósa ykkur.

Kæru pípulagningameistarar og betri helmingar.

Ég veit ekki hvort að þið vissuð það en félagið ykkar og Mikki mús eruð jafnaldrar – og það er nú ekki leiðum að líkjast. Bæði eigið þið það sammerkt að þrátt fyrir háan aldur þá berið þið hann einstaklega vel og maður finnur kraftinn og gleðina sem einkennir stemninguna hér í kvöld. Ekki spillir það svo fyrir að Gunní Helga er veislustjóriinn.

Ég hef heyrð að hann sé langt kominn með nýjan bókaflök sem eigi að fjalla um ævintýralegt líf pípulagningameistarans. Mér skilst að það séu komin nöfn á fyrstu þrjár bækurnar og ég vona að ég sé ekki að opinbera neitt sem er ennþá leyndarmál. En ég get varla beðið eftir því að lesa fyrstu bókina – ÞRÝSTIFALL Á ÞINGEYRI. Og enn eiga leikar eftir að æsas í næstu bók sem heitir – ÖNÝTAR EIRLAGNIR Á AKUREYRI. Svo trúu ég ekki öðru en að þriðja bókina – SLITNAR GENGJUR Í GRINDAVÍK – eigi eftir að slá öll söllum.

Ég óska ykkur enn og aftur hjartanlega til hamingju með afmælið. Ég veit að Helgi Björns, nauta Ribay-íð, Björn Bragi og allir þessir meistarar sem fylla salinn eiga eftir að gera þetta kvöld ógleymanlegt.

Góða skemmtun og megi gyðjan Cloacina vaka yfir ykkur.

Takk fyrir mig.

VATNSVIRKINN ER NÝR
UMBOÐSAÐILI FYRIR
**FLYGT
OG LOWARA
DÆLUR**

Official Distributor

FLYGT
a system brand

LOWARA
a system brand

VATNSVIRKINN
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

vatnsvirkinn.is

Stjórn Félags pípulagningameistara á 90 ára afmælisárinu



Stjórn Félags pípulagningameistara á afmælisárinu: Talið f.v.: Guðmundur Páll Ólafsson, formaðurmaður, Heimir Guðmundsson, varaformaður, Trausti Guðjónsson, gjaldkeri, Stigurður Ingvar Hannesson, ritari og Ágúst Gestsson, stjórnarmaður.



Ljósmyndari Fréttapíps fékk að smella mynd af þeim Þórsdís Kolbrúnu Reykjavörð Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðbera og Svanbjörgu Vilbergsdóttur, pípulagningameistara (t.h.). En Svanbjörg er fyrsta konan sem gengur í Félag pípulagningameistara. Ráðbera gerir þetta að umtalsefni í ávarpi sínu.

Glæsileg 90 ára afmælishátíð Félags pípulagningameistara

– Frambald greinar af forsiðu

um aðsókn í fagið (það vill enginn læra pípulagnir). Það er allt fullt í Tækniskólanum, 73 nemendur og fleiri að koma upp úr grunn- deildinni. Það er byrjað að kenna aftur á Akureyri. Það eru bara jákvæðar fréttir af okkur, takk fyrir. Við erum að fá 20-25 sveina á ári sem fer nokkuð nærri því sem krafan er um til að viðhalda endurnýjun.

Það eru margir að sækja um að komast á samning, það sjáum við í gegnum vefinn okkar piparinn.is. Þar verðum við að koma sterk inn og taka nema á samning. Ekki bara treysta á þessa sömu gömlu sem eru alltaf með nokkra, við verðum öll að vinna með þetta.

Því það er segin saga, að sama hvað skólinn er flottur. Og það ber að minnast á pípu deildina okkar í Hafnarfirði undir stjórn Böðvars og Gunnars er orðin rosalega flott og stefnir í að verða flottari. Það er sama hvað skólinn er flottur; allir nemandur sem klára nám segja ykkur að þeir lærðu mest hjá meistara sínum.

Nú, það hefur margt gott komið frá Noregi (.....) þetta er pásan sem þið áttuð að hlæja í.

Bréfa klemman, það var norðmaður sem fann hana upp.

En það besta sem hefur komið frá Noregi, að mínu mati, eru pípararnir okkar sem eru að snúa til baka.

Það er frábært að fá þetta fólk heim aftur og á markaðinn. Það koma ákveðnir ferskir vindar með þeim. Annað verklag, varnir gegn vatnstjónum, er aftur orðið lifandi hugtak. Annað hugarfar til vinnutíma. Þurfum við að vera alltaf í vinnunni? Er vinnan að fara eitthvað? Verður hún ekki þarna á morgun? Njótum tímans með fjölskyldunni. Annað viðmót til öryggis, allt í einu eru allir slípirokkar komnir með hlífina aftur á.

Ég held við megum alveg taka eitthvað af þessum fersku vindum til

okkar og tileinka okkur í leik og starfi.

Þetta hjálpar til við það sem ég ræddi áðan, auka virðingu fyrir okkur.

Ég vil þakka birgjunum fyrir þeirra frábæra framlag við að gera þetta kvöld jafn glæsilegt og það er.

Ég vil þakka stjórn og skemmtinefnd fyrir hversu glæsilegt þetta kvöld er. Í kvöld ætlum við að Lifa og Njóta.

Gleðilega hátíð.

Hágæða vinnuföt í miklu úrvali
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Mikið úrval af öryggisvörum

UVEX MILLER OTTERL
TDE GUARD HILTI
Honeywell Malvern

Nú fast Snickers vinnuföt í BYKO

HILTI
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • Sí. 414-3700 • hagi@hagi.is • Facebook HagI ehf HILTI





KESSEL EASY CLEAN FITUSKILJUR

- Sérstyrktar til að standa á gólfi.
- Hægt að fá í mörgum mismunandi útfærslum.
- Vandaður stjórnbúnaður.
- Áralöng reynsla.

Tengi • Kópavogi • Akureyri • www.tengi.is







FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Volkswagen Amarok
verð frá 7.890.000 kr.



Volkswagen Crafter
verð frá 5.970.000 kr.



Volkswagen Caddy
verð frá 2.590.000 kr.



Volkswagen Transporter
verð frá 4.180.000 kr.



Atvinnubílar

www.volkswagen.is


HEKLA - Laugavegi 170-174 - Reykjavík - Sími 590.0000 - hekla.is - umboðsmann um land og loftslagsmál
 HÍKÍÚr Akureyri - Bláaás Seltún - Þátt Akureyri - HEKLA Reykjavík



Á myndinni hér að ofan er Kjartan Jónsson, þípulagningameistari, með viðurkenningarskjal sitt, í bópi stjórnarmanna FP. Kjartan blaut á 90 ára afmælinu, þjónustumerki Félags þípulagningameistara, ásamt sérstakri viðurkenningu fyrir áratuga langt fórnfúst starf í þágu félagsins. Með Kjartani á myndinni eru stjórnarmenn FP, t.f.v. Guðmundur Páll, Heimir, Trausti, Sigurður Ingvar og Ágúst.




Björn Bragi bafði í frami ágæt gaman-mál.



Gunni Helga var snilldarveislustjóri



Haldór Baldursson teiknari á Fréttablaðinu sat og teiknaði flottar sköpunir af gestum. Að neðan má sjá eina fyrirmynd með eftirmynd.



Helgi Björns og félagi voru í feikna-stuði. Að ofan eru stelpurnar að fíflast í G-Event tækjunum.

Jóni Rafni veitt þjónustumerki



Frá upphafi hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu hafa þípulagningameistarar þurft að hafa samskipti við Hitaveitu Reykjavíkur, síðar Orkuveita Reykjavíkur. Árið 1980 hóf Jón Rafn störf hjá hitaveitu Reykjavíkur. Fyrstu kynni þípulagningameistara af Jóni voru þegar kallað var eftir þjónustu við bilanir og síðar áhleypingu á mælagrindum, heimæðartengingar og önnur úrlausnarefni sem tengdust veitum. Jón Rafn hefur frá upphafi leyst úr hinum ýmsu málum sem upp hafa komið í gegnum árin og reynst okkur meisturum hjálplegur að öllu leiti. Guðmundur Páll bað Jón Rafn Hoffmann að koma upp á svið og veita viðtöku þjónustumerki Félags Þípulagningameistara.

Danfoss veitt viðurkenning

Árið 2000, eftir visst ferli var ákveðið að Danfoss myndi styrkja FP við útgáfu félagatals okkar. Steinar Gíslason fyrrverandi starfsmaður Danfoss var okkur innan handar frá upphafi og lagði til og samþykkti hinar ýmsu breytingar sem orðið hafa á bókinni sem hefur gert hana að vissri nauðsynjavöru í vinnubuxum þípulagningamanna. Nýir menn hjá Danfoss hafa nú tekið við þessu kefli og veit ég það að þetta samstarf verður jafn farsælt og hefur verið á undanförunum árum. Ég vil nota þetta tækifæri og biðja Benedikt Ingvason um að koma hingað upp á svið og taka á móti þakkletisvotti Félags þípulagningameistara fyrir útgáfu Félagatals okkar frá árinu 2000.



Stjórnarmenn Félags þípulagningameistara ákváðu að tipla um í Mottumarsokkum á 90 ára afmælisbátidönni. Með þessu vildu menn leggja góðu málefni lið. Stjórnarmenn frá vinstri: Guðmundur Páll, Heimir, Trausti, Sigurður Ingvar og Ágúst.



MD VÉLAR
RÁÐGJÖF, ÞJÓNUSTA OG SALA

WM Kompensatoras
Expansion joints

HÁGFÆÐA ÞENSLUTENGI
GÚMMÍ – VEFUR – STÁL
Standard tengi eða sérhönnuð eftir þörfum viðskiptavina
Uppmælingar og uppsetning ef óskað er

Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Skarphéðinn Skarphéð- insson sæmdur Heiðurs- merki Félags pípulagn- ingameistara á hátíðinni



Myndin að ofan: Skarphéðinn bar sig karlmannlega þegar Guðmundur Páll „stakk“ Heiðursmerkinu í barm hans. T.v. er Skarphéðinn að þakka félögum virðingartvönnu.

Sá maður sem hlýtur heiðurmerki félagsins hefur starfað fyrir félagið í tæp fimmtán ár. Hann gengdi stöðu varaformanns í tvö ár frá árinu 1999 til 2001. Síðan tekur hann við formennsku og gegnir henni í rúmlega tólf ár eða frá árinu 2001 til haustsins 2013.

Engin formaður frá stofnum félagsins hefur gengt starfi formanns samfellt eins lengi og hann.

Þessi maður heitir Skarphéðinn Skarphéðinsson.

Það er hægt að nefna margt sem hann hefur gert fyrir félagið, félagsmenn og pípulagningargreinina í heild.

Skarphéðinn lagði alltaf mikla áherslu á menntunarmál stéttarinnar. Hann var, fyrir hönd greinarinnar, umsgagnar aðilli þegar ný námskrá var í smiðum hjá Menntafélagi Byggingariðnarinnar.

Þegar nýja námskráin var tekin í notkun haustið 2003 var farið á stað að skoða breytingu á sveinsprófinu. Gamla sveinsprófið var búið að vera það sama frá 1949 með smá breytingum. Skarphéðinn sagði eftir að ný námskrá var tekin í notkun að nýtt sveinspróf yrði að fylgja fyrir sveina framtíðar. Vorið 2005 fór Skarphéðinn að kenna í Iðnskólanum í Hafnarfirði eftir þeirri námskrá sem hann tók þátt í að móta.

Félag pípulagningameistara stóð fyrir Norðurlandakeppni pípulagna, sem haldin var í Perlunni vorið 2005. Keppnisverkefnið sem Skarphéðinn hannaði, varð síðan það sveinspróf sem við þekkjum í dag með smávægilegum breytingum.

Fór Skarphéðinn með fjóra keppendur á Norðurlandakeppni og Heimsmeistarakeppni. Úr þeim ferðum vannst einn Norðurlandatitill þegar Árni Már Heimisson landaði þeim titli í Malmö 2007.

Á árunum 2004 til 2005 var mikil undirólga varðandi löggildingu meistara. Það lágu tillögur um að löggilding nokkura faggreina yrði lagðar niður.

Óskað var eftir fundi með bæði Umhverfissráðherra og Menntarmálaráðherra um þetta mál. Með kröftugum rökstuðningi var fallið frá þessum áformum. Skarphéðinn ásamt öðrum formönnum annara meistaragfélaga fengu ráðamenn til að falla frá þessari áætlun.

Það er of langt mál að telja upp allt það góða starf sem Skarphéðinn hefur gert fyrir félagið í þessari ræðu.

Þessu til staðfestingar bað Guðmundur Páll Skarphéðinn að koma á svið og taka við heiðursmerki Félags Pípulagningameistara.



Myndin að ofan: Stjórn Félags pípulagningameistara með Skarphéðni, t.f.v.: Guðmundur formaður, Skarphéðinn Skarphéðinsson með Heiðursskjal og merki, Trausti, Sigurður, Heimir og Ágúst.



Walk-in N

1000mm x 800mm
1200mm x 800mm
1500mm x 800mm
1800mm x 800mm
2000mm x 800mm

Ókeypis virkudaga frá 9:00-18:00
Laugardaga 11-15
Afmála 31 - Sími 588 2333

i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- Þykkt þessi

VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA



SABIANA

Vatnshitablásarar

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrorum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlausr



VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varnlegt

Í Krairárvogi 1 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071
vov@vov.is www.vov.is

TRYGGJUM MEISTARAFAGMENNSKU OG LÖGGILDINGU Í ÍSLENSK

GG LAGNIR ehf.
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
 Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
 www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

króm og hvítt
 Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
 Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
 kromoghvitt@simnet.is

Tröllalagnir ehf.
 Jón Auðunn Sigurjónsson
 pípulagningameistari
 Auðnukór 3 - 203 Kópavogur
 GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

Lagnali
 Skógarási 6 - 110 Reykjavík
GSM 898 051
 lagnalist@gmail.com

Benni pípari ehf.
 Pípulagningaverktaki
 Bolafæti 9 - 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000
 bennipip@simnet.is

SB pípulagnabjónusta
 skipabjónusta
Pípulagnir ehf.
 Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
 Netfang stefanbr@simnet.is

lagnaafil
 Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
 Almannaakór 6 - 203 Kópavogi
GSM 856 5525 - hjolli@morgan.is

MIÐSTÖÐIN
 Miðstöðin Vestmannaeyja
 Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyja
 Sími 481 1475
 midstodin@midstodin.is

STOFNLAGNIR
 PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Stofnlag्नir ehf.
 Viðarriima 19 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

PÍPULAGNIR
 SAMUELS & KÁRA EHF.

PÍPULAGNIR
 Fagmennska - Fæmi - Frumkvæði

Sp pípulagnir
 Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM 898 1870
 Sigurdur.pipari@gmail.com

Meistaralagnir ehf.
 Pípulagnir S: 893 9110
 Bæjarflöt 8a - 112 Reykjavík
 GSM: 893 9110 - lisamaria@btnet.is

FLÆÐI Pípulagnir ehf.
 Flæði pípulagnir ehf.
 Svæði - 620 Dalvík
 S. 466 1401/898 5524
 maggisvaedi@simnet.is
 MAGNUS A. MAGNÚSSON
 PÍPULAGNINGAMEISTARI

SIH PÍPULAGNIR ehf.
 Hrísrími 27 - 112 Reykjavík
GSM: 821 0876
 Netf.: ingvarin@internet.is

vatns
 Brúnastígur 112 F
GSM 698 1870
 sigthors@vatns.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
 Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
 GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

HS pípulagnir ehf.
 Smiðjuvegur 4
 200 Kópavogi
 GSM 894 0088
 hspip@hive.is

SHV Pípulagnir ehf.
 Funafold 54 - 112 Reykjavík
 Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
 shv.pipulagnir@internet.is

Flugumýri 30 - Mosfellshlíð
GSM: 771 7100
 sigurdur@krafftalagnir.is
KRAFTLAGNIR ehf.
 PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

B. Markan ehf. Pípulagnir
 Bæðvar Markan
 660 6990 • 544 8611
 lagnir@bmarkan.is
 Allt til pípulagna
 Löggiltur pípulagningameistari
 www.bmarkan.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
 Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
 GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

NESLAGNIR ehf.
 Pípulagnabjónusta
 Bergási 12 - 260 Reykjanesbæ
 GSM: 698 6309 - neslagnir@internet.is

HÚSALAGNIR
 PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
 Húsalandvegur 112 Reykjavík
 GSM 898 1870
 husalagnir@husalagnir.is

PRESS LAGNIR EHF.
Presslag्नir ehf.
 Funafold 29 - 112 Reykjavík
 GSM 898 5112 - presslag्नir@simnet.is

Borgarlag्नir ehf.
 Hlaðhamrar 15 - 112 Reykjavík
 GSM. 892 7558 - borgarlag्नir@simnet.is
Borgarlag्नir ehf.

JBHC
PÍPULAGNIR
 Berjavöllum 6 - 221 Hafnarfirði
GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@gmail.com

HSH VERKTAKAR
 Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri
 GSM: 896 3257 - hallihelga@hsh.is

Árni Friðbjarnason ehf.
 Pípulagningameistari
 Smiðjuvegi 4 - 200 Kópavogi
GSM 893 0938
 arnijulli@simnet.is

Bragi Benediktsson ehf.
 pípulagnir
 Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur
 GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com

Hitataekni www.hitataekni.is

ALHLIÐA
PÍPULAGNIR SF.
 Akralind 5 - 201 Kópavogi
 Sími 567 1478 - pipulagnir@alhlida.is

AH pípulagnir ehf.
 - Suðurhrauni 12c
 - 210 Garðabæ
 - Sími 555 7012
 - GSM. 822 7100
AH PÍPULAGNIR andres@pipulagnir.is

GRUNDFOS
 BE THINK & INNOVATE
Dælur
 Grundfos CR dælurnar eru tynni krefjandi verkefni, vatnsveitur, hitaveitur og ölvæg.
 Dæla - 20 til 120°C. Í stöðugu renni.
 Grundfos dælurnar eru

vatnsidnadur.net
 Snæbjörn R. Rafnsson
 Hraunprýði 12
 210 Garðabæ
GSM: 660 6201
 - GAGNAGRUNNUR
 - PEKKING
 - SAGA
 Kíkið í heimsókn og látið koma ykkur á óvart!

IPV
 Íslenskir Pípulagningaverktakar
 Suðurvangi 6 - 220 Hafnarfirði
GSM: 693 9053 - Netf.: atlinarun@ipv.is

UM BYGGINGARIDNAÐI

st ehf.
 Reykjavík
 7
 m

RENNSLI ehf.
 pípulagnir • sími 696 8054

Akralind 1 - 201 Kópavogur
 GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is

DIN
 m ehf.
 eyjar

JMH pípulagnir ehf.

Reykjavíkurvegur 52a - 220 Hafnarfirði
 GSM: 898 0851 - nonnipip@hotmail.com

nir ehf.
 SM. 893 0585

LAGNAÞING

Lagnathing ehf.
 Laxatungu 37 - 270 Mosfellsbæ
 Sími: 897 1899 - nefn.: lagnathing@gmail.com

öðum 21
 Reykjavík
 0 5797
 @internet.is



Pípulagnir Sigurðar

Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum
GSM: 618 4790
 siggalagnir@gmail.com

sbæ
 ktakar



S.O.S. lagur ehf.
 Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM 693 9000
 sos@soslagur.is

agnir ehf.
 iingapjónusta
 ítt 20 -
 ykjavík
 93 3632
 nir@simnet.is

litlagna.is
LITLA
 LAGNAÞJÓNUSTAN

KAR ehf.
 reyri
 @simnet.is

PípuLeggjarinn
 Alltaf hress - Til í allt!
 Nýlagir - Breytingar - Viðhald - Gaslagir
 Símar: 897 8775 - 775 2111 - pipuleggjarinn@gmail.com

S: 5886070 | Smiðjuvegur 10 | 200 Kópavogi

ÍSLEIFUR JÓNSSON
 Deaghlíki 14-16 - Sími 4 12 12 00
 www.isleifur.is
 traustar og dugandi


HVAMMSHÓLAR
 ROTPRÆR ÁN SITURLAGNA
 SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA
 SKOLPHREINSISTÖÐVAR
 FYRIR:
 HÓTEL
 HEILSÁRSHÚS
 SUMARHÚS
 GRÆNT ALLA LEIÐ
 SIGURÐUR VIDDÓ HALDÓRRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Veitulausnir
MÁLMSTEYPA
 Þorgríms Jónssonar ehf.
 Miðnuni 6, 210 Gardabæ, s. 564 8900
 malmsteypa.is malmsteypa.is

VATN & VEITUR
 Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir
vatnogveitur.is

BYKO Lagnadeild stækkuð 220m²

Forráðamenn BYKO Lagnadeildar blésu á dögnum til veislu fyrir viðskiptavinum sínum. Tilefnið var opnun nýrrar og endurbættar Lagnadeildar, sem meðal annars var stækkuð um 220m². Þetta voru löngu tímabærar breytingar og gátu átt sér stað vegna tilfærslu á LM Leigumarkaðinum. Útisvæði og lageraðstaða á neðri hæð hefur stækkað verulega og lageraðstaða fyrir rör, svört og galvaniseruð hefur batnað mikið. Með auknu rými hefur svo gefist tækifæri til að gefa verkferum meira vægi. Þá má nefna að nú eru tveir inngangar í Lagnadeildina: Fagmannainngangur og sérinngangur fyrir einstaklinga.



ÁGÆTU FÍPULAGNINGAHEIÐARAR:

*Flamingjuóskir
í tilefni
90 ára
afmælisins!*

Hildum ótrauðir áfram og stöndum saman vörð um fagleg réttindi okkar, hér eftir sem hingað til!

FÉLAG RÖRLAGUNGA- & VEGFÓÐAÞARBEIÐA

ÍSRÖR.

Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexiExtra sveiganlegni plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulgagna

ÍSRÖR.

Nýtt hjá ÍSRÖR

Þjódum nú kaldvatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Þjódum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Óskum meisturum í Félagi pípulagningameistara til hamingju með 90 ára afmæli félagsins

<p>Dúklagningameistarar</p> <p>GUÐJÓN G. GÍSLASON DÚKLAGNINGAMEISTARI</p> <p>Reykási 27 - 110 Reykjavík GSM: 892 8968 - gudjongisli@gmail.com</p> <p>Teppalögn • Dúkalögn • Veggfóðrun • Flísalögn</p>	<p>Magnús og Steingrímur ehf.</p> <p>Bíldshöfða 14 - 110 Reykjavík Sími 567 5400 GSM 892 4547 & GSM 897 5547 magnush@centrum.is</p>	<p>Múrarmeistarar</p> <p>www.arioddsen.is</p> <p>ARI ODDSSON EHF BYGGINGAVERKTAKI</p> <p>MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VÍÐHALDSVANA</p> <p>FAGMENNSKA Í FYRRIRUM!</p> <p>Háholti 14 - 270 Mosfellsbær S: 564 4070 - GSM: 895 0383</p>
<p>Melás 11 210 Garðabær</p> <p>Pons ehf. gólf & veggefni</p> <p>GSM: 842 0077 pallidukari@gmail.com</p>	<p>ADALVIK BYGGINGAVERKTAKAR</p> <p>Síðumúla 13 - 108 Reykjavík - Sími verkstæði 555 2348 Skrifstofa 567 1461 - adalvik@centrum.is</p>	<p>GI MÚR ehf.</p> <p>Holtsgötu 16 - 220 Hafnarfirði GSM: 897 4153 gimur@internet.is</p>
<p>Jón V. Hinriksson Dúklagninga- & veggfóðrarmeistari</p> <p>Norðurbakki 1c - 220 Hafnarfirði GSM 892 5072 - vidalin@simnet.is</p>	<p>NÝBYGGINGAR OG VÍÐHALD EHF.</p> <p>Kvísartunga 33 270 Mosfellsbær GSM: 699 2919 nybygging33@gmail.com</p>	<p>STJÓRI MÚRVERKTAKAR</p> <p>- Bólstaðahlíð 4 - 105 Reykjavík - GSM: 894 9771 - stjori@stjori.is</p>
<p>Húsasmíðameistarar</p> <p>HÚS Byggingaverktaki</p> <p>ÁF. Hús ehf. Bæjarlind 4 201 Kópavogur Sími 534 1600 agust@afhus.is</p>	<p>ÞB Verktakar ehf.</p> <p>Goðalandi 7 - 108 Reykjavík Sími 568 5943 - GSM 897 0508 - thbverk@simnet.is</p>	<p>G.M. EINARSSON ehf.</p> <p>Viðarásí 75 - 110 Reykjavík GSM. 891 8135 - gylfime@simnet.is</p>
<p>Björn Einarsson Húsasmíðameistari</p> <p>Flétturima 14 - 112 Reykjavík GSM: 892 5805 bjornein@internet.is</p>	<p>EYKT ehf.</p> <p>Stórhöfða 34-40 110 Reykjavík Sími 595 4400</p>	<p>Múr og ráðgjöf ehf.</p> <p>ALHLÍDA MÚRVERK • HÚSAVÍÐGERÐIR • FLÍSALAGNIR • RÁÐGJÖF</p> <p>Sími 897 6655 • murogradgjof@gmail.com Naustabryggja 4 - 110 Reykjavík</p>
<p>Nábúi sf. Guðmundur Alfredsson Húsasmíðameistari</p> <p>Nýbýlavegur 66 - 200 Kópavogi - GSM 661 8508</p>	<p>Málarameistarar</p> <p>Fínka ehf. - Norðurási 6 - 110 Reykjavík - GSM: 892 8194 aser@mmedia.is</p>	<p>Allt múrverk og öll málningarvinna</p> <p>Kolbeinn Hreinsson Múrarmeistari & málarameistari GSM: 896 6814</p> <p>Helena Hermansen Múrarmeistari & málningafrólegur GSM: 843 3230</p> <p>MARARGÖTU 8 190 VOGAR Netfangi in@simnet.is</p>
<p>ÍSHAMAR</p> <p>Álafossvogi 27 - 270 Mosfellsbæ GSM: 894 0006 ishamar@ishamar.is www.ishamar.is</p>	<p>Málco</p> <p>Kambaseli 81 - 109 Reykjavík GSM: 695 3384 - malco@malco.is</p>	<p>LITLA málarastofan EHF.</p> <p>Marbakkabraut 13 - 200 Kópavogur GSM: 897 3753 - pensill@vortex.is</p>
<p>BYGG</p> <p>Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Borgartúni 31 105 Reykjavík Sími 562 2991</p>	<p>NAGGUR ehf.</p> <p>Lækjarhalli 36 - 200 Kópavogur GSM: 661 7444 - jenni@naggur.is</p>	
<p>J.E.SKJANNI VE BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR BYGGINGAVERKTAKAR</p> <p>JE Skjanni Stórhöfða 33 - 110 Reykjavík - GSM 896 6621 jeskjanni@gmail.com - jens@skjanni.com</p>		

FLIR PÍPARAR

MEÐ FLIR HITAMYNDAVÉL FLÝTIR ÞÚ FYRIR OG AUÐVELDAR TIL MUNA LEITINA AÐ BILUNINNI





Innréttingar & tæki halda uppá 25 ára afmæli



Árið 1993 var opnuð sérvöruslunin Innréttingar og Tæki sem hélt upp á 25 ára afmælið 6. desember s.l. Margt góðra gesta lagði leið sína í Ármúla 31 þar sem fyrirtækið er til húsa og gladdist með þeim hjónum Grétari Þór og Írisi Jensen sem reka fyrirtækið í dag. Fyrirtækið byggir á gömlum merg; heildverslunin Jensen & Bjarnason var stofnuð 1945 og hefur fyrirtækið alla tíð verið fjölskyldufyrirtæki.

Innréttingar og tæki eru með nokkrar nýjar línur og sérstaklega voru kynntar nýjungar í blöndunartækjum frá Ítalska framleiðandanum FIMA Carlo Frattini. Fima hefur fengið til liðs við sig glæsilega hönnuði og arkitekta til þess að búa til tæki sem er bæði unaður að nota og yndislegt að horfa á. Gott dæmi er SO handlaugartæki eftir Davide Vercelli Design. Innréttingar og tæki leggja áherslu á að vera með vönduð og falleg vörumerki sem gera fyrirtækinu kleift að bjóða upp á breiða línu baðherbergisinnréttinga og tækja. Leitast er við að geta boðið upp á vandaða vöru frá framleiðendum sem hafa sterk tengsl við evrópska hönnun. Það lá því beinast við í tilefni 25 ára afmælis fyrirtækisins að bjóða fulltrúum FIMA til landsins um leið og sett var upp kynning á nýju línuni frá FIMA, SO tec. Á meðfylgjandi myndum má sjá glaðbeitta veislugesti í 25 ára afmælinu.

Umhverfisvæn frostlögur
fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX
LÆTUR VATNID VINNA


Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI HJÁ IÐUNNI FRÆÐSLUSETRI

Þetta námskeið er ætlað minni fyrirtækjum og iðnmeisturum sem starfa sem undirverktakar og/eða einyrkjar í bygginga- og mannvirkjagerð. Markmið þess er að kynna grundvallaratriði gæðakerfa. Farið er yfir kröfur til iðnmeistara um gæðastjórnun og gæðakerfi í mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Farið er yfir kröfur um hæfni iðnmeistara, samning á milli byggingarstjóra og iðnmeistara, innra eftirlit iðnmeistara og skráarvistun.

Hefst 22. jan. kl: 13:00
Lengd: 6 klukkustundir
Kennari: Ferdinand Hansen, gæða og öryggisstjóri GG Verk
Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20

LM LEIGU MARKAÐUR

KÆRU VIÐSKIPTAVINIR!
LEIGUMARKAÐURINN ER FLUTTUR Í BETRA RÝMI HINUM MEGIN VIÐ GÖTUNA.
- SJÁUMST ÞAR!



VIRKA DAGA 8-18 **LAUGAR-DAGA 10-16**

SKEMMUVEGI 2A | 200 KÓPAVOGI | 515-4020 | LM@LMLEIGA.IS

Ný og endurbætt Lagnadeild hjá TENGÍ




„Það verður bakað í Lagnadeild TENGÍs á föstudögum,“ sagði Þórir forstjóri TENGÍs, sem skartaði bakaravuntu og bauð upp á nýbakaða smúða á opnunardaginn.

Þann 16.nóvember s.l. opnaði glæsileg ný og endurbætt lagnadeild hjá Tengí í Kópavogi. Með breytingunum er búið að stórbæta alla aðstöðu fagmanna, bæði kaffiáðstöðu og aðgengi inn í deildina. Sýningarrýmið hefur verið stækkað og vöruúrval sýningarvara aukist til muna. Í dag er sér inngangur fagmanna beint inn í lagnadeildina. Þegar viðskiptavinir hafa lokið samskiptum sínum við sölumenn er hægt að setjast til borðs í nýja og glæsilega kaffistofu og fá sér rjúkandi kaffibolla eða svalandi drykk á meðan beðið er eftir því að vörurnar eru teknar til á lagernum. Stöðu tiltektarinnar má alltaf sjá á skjá inni á kaffistofunni og á föstudögum er oft hægt að næla sér í rjúkandi heitan kanilsnúð með kaffinu. Við bjóðum alla fagmenn velkomna í nýja og endurbættu lagnadeild Tengis í Kópavogi.



Stóraukð sýningarpláss og notaleg kaffiáðstaða fyrir viðskiptavinum í nýrri Lagnadeild TENGÍs.



REDDER – Nýtt þjónustufyrirtæki á byggingamarkaði

Redder ehf. er nýtt þjónustufyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði, stofnað síðast liðið sumar. Fyrirtækið er staðsett á Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík, ími 558 0888. Markmið stofnenda fyrirtækisins er að veita persónulega og faglega þjónustu fyrir metnaðarfulla fagmenn í byggingariðnaði sem vilja viðhafa vönduð vinnubrögð og uppfylla kröfur um framsæknar og varanlegar lausnir. Hjá Redder ehf. er lagður metnaður í að kynna sér allt það nýjasta sem er að gerast í byggingariðnaði erlendis og versla við birgja sem framleiða hágæðavörur. Forráðamenn Redder ehf. hafa sérstaklega verið að kynna sér nýjungar í eldvarnavörum, svo sem: þakdúkum og þéttilausnum. Redder ehf. býður einnig verkfæri af ýmsu tagi, ásamt fjölbreyttu úrval af sérvöru og festingum. Það er ljóst að á næstu árum munu verða gerðar auknar kröfur um varanleika og hagkvæmni í iðnaði og fyrirtækið vill vera með puttann á púlsinum í því nýjasta.

Við viljum hvetja fagmeistara til að kíkja í heimsókn til okkar eða að smella sér inná www.redder.is.



Eldvarnarlausnir frá FSI



Hreinar línur
Málmsmiði í hæsta gæðaflokki

Teknis er umboðaðili
PSG (Dover) á Íslandi

Skútaurauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 7390 teknis@tekn.is

arco
QUALITY BY DESIGN

TENGIKRANAR

15 ÁRA
ÁBYRGÐ!

Tengikranar sem fást í Loft & Raftæki eru með 15 ára ábyrgð og festast ekki. Ané Lime. Erum með stutta, langa, tvöfalda og fyrir þvottavélar.

LOFT & RAFTÆKI
www.loft.is

ÍSRRÖR ehf. – Stendur fyrir þjónustu, þekkingu og gæði

Þjónusta, gæði, þekking. Þetta eru kjörorðin sem starfað er eftir hjá ÍSRÖR. Fyrirtækið þjónustar meðal annars orkuveitur, hitaveitur og verktaka. Fyrirtækið er til húsa að Hringhelli 12 í Hafnarfirði.

Hitaveita og kalt vatn:

Allt frá því að fyrirtækið var stofnað 1992 hefur það þjónað orkuveitum, verktökum og iðnaðarmönnum um land allt og boðið hágæðavörur fyrir lagningu á heitu vatni. Meðal helstu vöruflokka sen ÍSRÖR hefur upp á að bjóða eru frá Logstor A/S, stærsta framleiðanda í heimi í foreinangruðum pex- og stálrörum, ásamt tengingum. Þá býður fyrirtækið Haelok pressutengi og vélar til að tengja saman stálrör. Í ljósi vinsælda á þessum tengjum og vélum hérlendis, verða framleiðendurnir Haelok með námskeið og kynningu dagana 6. og 7. febrúar 2019 hjá Ísrör að Hringhelli 12 í Hafnarfirði. Nýverið hóf ÍSRÖR innflutning á rörum og tengiefni til lagningar á köldu vatni. Þetta er tímabær og góð viðbót við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir orkuveitum, vatnsveitum og verktökum.

Ekki bara lagnaefni:

Fyrirtækið hefur um árabíl boðið ýmsar aðrar vörur fyrir veitur og verktaka. Má þar nefna meðal annars vinsælu gulu sveigjanlegu ídráttarrörin og tvöföldu klofnu ídráttarbarkana. Þá bjóðum við einnig varúðarborða og hlífðarborða til varnar lögnum í skurðum, handhægar, sterkar og léttar jarðvegsrottur til að hlífa viðkvæmum verksvæðum og opnanleg hlífðarrör til notkunar á vinnusvæðum til að verja lagnir þar sem aka þarf yfir á bílum og vinnuvélum. ÍSRÖR býður einnig vandaða útiskápa úr galvaniseruðu stáli og duftlakkada. Fyrirtækið hefur boðið þessa skápa frá árinu 2002 við góðar undirtektir viðskiptavina.




HAELOK
fittings og
pressa

Helstu tegundir eru Hitaveituskápar, dælu-, lagna- og útiskápar, gasskápar og einnig ljósleiðaraskápar. *Frekari upplýsingar má á www.isror.is eða í síma 565-1489.*

Loft & Raftæki með niðurföll úr plastefni

Loft & Raftæki hóf nýlega innflutning á niðurföllum úr plastefni. Niðurföllin eru úr sérstöku plastefni og ákaflega sterk. Þau eru mjög einföld og þægileg í meðhöndlun og uppsetningu. Hægt er að velja um mismunandi grindur ofan á þau. Eigum ýmsar tegundir fyrirlliggjandi á lager. Stuttur afgreiðslufrestur í stærri verkefni.

Komið endilega í heimsókn til okkar í Loft & Raftæki í Hjallabrekku 1, Kópavogi og skoðið úrvalið. Kíkið líka inn á www.loft.is.



www.stolpigumar.is'."/>

redder@redder.is'."/>

Gjöfull, TENGI, Blikksmiðjan Vík og Hitaveita Grímsness- og Grafningshrepps færa Pípudeild Tækniskólans búnað að gjöf



Hér er Gunnar Kjartansson, skólustjóri Tækniskólans að taka við gjöfinni úr bendi Söndru Bjargar Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa Gjöfuls. Að neðan má sjá búnaðinn sjálfan.



„Okkur, sem stöndum að gjöfinni þykir mikilvægt að nemendur í iðngreinum hafi aðgang að góðum búnaði til að vinna með í verkefni kennslu, enda eru það þessir nemendur sem munu síðan lifa og starfa í þeirri iðngrein sem þeir hafa valið sér. Okkur þótti því tilvalið að gefa Tækniskólanum búnað sem notaður er á markaðinum í dag, sem án efa kemur sér vel fyrir nemendur að þekkingu á að námi loknu.“ Þetta sagði Sandra Björg Gunnarsdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi Gjöfuls, varmagjafa, við afhendingu búnaðar sem Pípudeild Tækniskólans fékk að gjöf til notkunar við verklega kennslu í pípudeldinni. Gjöfin samanstendur af hitaveitugrind, skáp, hemli og forðakút. Búnaðurinn er sérstaklega ætlaður til uppsetningar í sumarhús þar sem hitaveita er takmörkuð í gegnum hemil. Þeir Böðvar og Gunnar, kennarar við pípudeild Tækniskólans veittu gjöfinni viðtöku fyrir hönd skólans, ásamt Gunnari Kjartanssyni skólustjóra.

Þeir aðilar sem standa að gjöfinni, auk Gjöfuls varmagjafa sem áður er getið eru: TENGI, Blikksmiðjan Vík og Umhverfis- og Tæknisvið Uppsveita (Hitaveita Grímsness- og Grafningshrepps). Á stóru myndinni að ofan eru fulltrúar Tækniskólans og fyrirtækjanna sem gáfu búnaðinn.

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulinnunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum. Brunnarnir eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnunum.

SÆPLAST • Gunnarstraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

sæplast
HLUTI AF RPC GROUP

© Sæplast er skilsett vörumerki í eigu RPC GROUP

STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er
yðar hagur
að skipta við
fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is





Óskum starfsfólki,
viðskiptavinum, samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.

Set
Set ehf • Rörframleiðsla



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is



Ný kynslóð varmaskipta fyrir upphitun og kælingu frá Danfoss

Veldu hagkvæmasta lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™ plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heilt heysúvatn og til kælingu. Varmaskiptarnir eru fánægjé í heimur grunngerðum. Soðnir og bótaðir og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmasta lausnina fyrir þínar þarfi.

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

INDUSTRIAL
TECHNOLOGY

Danfoss



Leigjum og seljum allar gerðir suðuvéla

Einnig mikið úrval
af suðuvélum
fyrir PE & PPR



O.S.N.
Iðavöllum 7b – 230 Keflavík – Sími 4 200 300



Ritmo
PLASTIC WELDING TECHNOLOGY



GRUNDFOS
BETTER THINK. INNOVATED.

Scala2 3-45

Ný og handhæg kaldvatnsdæla

Scala2 er þó fullu sambyggð vatnsdæla sem skilar jöfnuð vatnsgjöngu í alla trena.

Einflóð légun og lausn sem er auðveld í uppsetningu. Hæð farsældar dælu, og þú Scala2 aðferðum málið vil rætt.

Scala2 er með varmskiptum mótör, sem gerir farsældar mjóðtötu.

Hiðurskiðan er hámarks þægindi með lámarks fyrirkomulag.



Scala2 3-45
Stromhvöð í heysúvatnsdælu

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

DrögNAKI 14 - 16 | Sími 4 12 13 00
www.isleifur.is